

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997-2017, breytt mörk varnarsvæða, urðunarstaður á Stafnesi og Garðskagavegur um Ósabotna.

Samkvæmt 19. gr., sbr. 61. gr., skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hafa umhverfissráðherra og utanríkisráðherra þann 22. febrúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997-2017, frá 5. ágúst 1999.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Sá hluti aðalskipulags sem nær til varnarsvæðis er felldur úr gildi.
- Mörk varnarsvæðis breytast.
- Ný lega Garðskagavegar um Ósabotna.
- Nýr urðunarstaður við Stafnes afmarkaður.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. febrúar 2006.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

*Utanríkisráðuneytinu, 22. febrúar 2006.*

**Geir H. Haarde.**

\_\_\_\_\_  
*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 4. september 2006